

## Tillögur um breytingar á samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins lagðar fram á ársfundi sjóðsins 2014 þriðjudaginn 18. mars á Hótel Reykjavík Natura.

Tillögur og greinargerð

### Grein 3.5.

Þetta ákvæði á ekki lengur við:

Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi hefur fengið greidd réttindi eða inneign greidda að fullu. ~~—eða við að þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.~~

### Grein 11.1

Breyta fjölda safna.

Sjóðfélagar geta valið á milli þess að ávaxta inneign sína í ~~sjö~~ sex verðbréfasöfnum.

Fella út eftirfarandi ákvæði og breyta fjölda safna:

~~—Evisafn IV er fyrir þá sem eru byrjaðir að taka lífeyri og ganga á inneign sína.~~

### Grein 12.6

Leggjum til eftirfarandi breytingar á greininni sem er orðalagsbreyting og breyting á greiðsludegi lífeyris.

Umsókn um útborgun inneignar úr séreignarsjóði skal vera skrifleg. Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði eru að jafnaði greiddar einu sinni í mánuði, fyrsta ~~virka dag~~ hvers mánaðar. ~~Ef óskað er eftir eingreiðslu milli mánaðarlegra greiðslna skal útborgunin 15. dag mánaðar (eða fyrsta virka dag þar eftir ef 15. dagur er frídagur) ef beiðnin berst í fyrri hluta mánaðar en annars í byrjun næsta mánaðar með mánaðarlegum greiðslum.~~ Hægt er að óska eftir greiðslu innan mánaðarins og greiðist hún 15. dag hvers mánaðar eða næsta virka dag. Óska þarf eftir greiðslum a.m.k. 2 virkum dögum fyrir útgreiðslu.

### Grein 20.2

Leggjum til eftirfarandi breytingu á greiðslu makalífeyris til einföldunar:

~~M~~Fullur makalífeyrir er greiddur til maka látins sjóðfélaga í minnst 30 mánuði. ~~tvö ár og síðan helmingur makalífeyris í eitt ár þar á eftir.~~

### Grein 4.5.

Ný grein:

Greiði sjóðfélagi af hærri árslaunum en 30 milljónum kr. til sjóðsins skal endurgreiða til séreignar sjóðfélagens þann hluta iðgjalda hans sem greiddur hefur verið til framreiknings örorku- og makalífeyristryggingar umfram viðmiðunarmörk, sbr. grein. 19.3. og töflu 4 í kafla 6. Endurgreiðslan skal fara fram fyrir lok maí og miðast við innborguð iðgjöld vegna iðgjaldatímabila næstliðins árs. Framangreind viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverð til verðtryggingar í janúar 2014, 416,7.

### Grein 19.3

Viðbót :

Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af 30 milljón kr. árslaunum, sbr. grein 4.5.

#### Greinargerð við greinar 4.5 og 19.3.

Með grein 4.5. og viðbót við grein 19.3. er lagt til að sett verði hámarksfjárhæð á framreikningsiðgjaldi til örorkulífeyris. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að sjóðurinn lendi í því að taka á sig miklar skuldbindingar vegna eingreiðslna í tengslum við uppgjör eða greiðslu árangurstengdra launa. Ákvæði um þak á fjárhæð til framreiknings á örorku- og makalífeyrisréttindum er að finna í samþykktum nokkra lífeyrissjóða.

#### Tafla 2

Samkvæmt tillögu tryggingafræðings er lagt til að töflu 2 í 6. kafla samþykktanna verði breytt. Stuðlar hafa verið yfirfarnir með hliðsjón af nýjum lífslíkum og fyrri breytingum á samþykktum um örorkulífeyri. Einnig er lagt til að sjóðfélagar geti nú frestað töku lífeyris til 72 ára aldurs.

<b>Tafla 2</b>			
<b>Lækkun ellilífeyrir þegar taka lífeyris hefst fyrir 70 ára aldur</b>			
Taka lífeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
69-70 ára	0,74%	69	8,88%
68-69 ára	0,65%	68	16,68%
67-68 ára	0,57%	67	23,52%
66-67 ára	0,50%	66	29,52%
65-66 ára	0,45%	65	34,92%
64-65 ára	0,40%	64	39,72%
63-64 ára	0,36%	63	44,04%
62-63 ára	0,32%	62	47,88%
61-62 ára	0,29%	61	51,36%
60-61 árs	0,27%	60	54,60%
<b>Hækkun ellilífeyrir þegar taka lífeyris hefst eftir 70 ára aldur</b>			
Taka lífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
70-71 árs	0,71%	71	8,52%
71-72 ára	0,81%	72	18,24%

#### Tafla 4

Tafla 4 bætist við samþykktirnar samkvæmt nýrri grein 4.5.

#### Tafla 4

##### Endurgreiðslutafla skv. gr. 4.5 í samþykktum

Taflan sýnir það hlutfall af iðgjöldum umfram hámark í gr. 4.5 sem greiðist í séreignarsjóð

Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi
16	3,78%	26	8,80%	36	9,61%	46	7,02%	56	3,47%
17	4,19%	27	9,13%	37	9,43%	47	6,71%	57	3,02%
18	4,76%	28	9,39%	38	9,22%	48	6,39%	58	2,57%
19	5,70%	29	9,60%	39	8,99%	49	6,07%	59	2,11%
20	6,71%	30	9,76%	40	8,74%	50	5,74%	60	1,64%
21	7,71%	31	9,89%	41	8,48%	51	5,40%	61	1,19%
22	6,89%	32	9,93%	42	8,20%	52	5,05%	62	0,78%
23	7,43%	33	9,90%	43	7,91%	53	4,68%	63	0,41%
24	7,93%	34	9,84%	44	7,62%	54	4,29%	64	0,11%
25	8,38%	35	9,74%	45	7,32%	55	3,89%	65	